

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

Hólmsheiði við Nesjavallaveg.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. október 2001, deiliskipulag fyrir fangelsislóð á Hólmsheiði.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skildinganes, Baugatangi 4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd þann 24. október 2001 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skildinganes, lóðina Baugatanga 4, sbr. 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Bryggjuhverfi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 6. nóvember 2001 breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis varðandi lóðirnar nr. 10-12 við Tangarbryggju, 13-15, 17, 21-29 og 31-33 við Naustabryggju.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 5. febrúar 2002.

F.h. skipulagsstjóra Reykjavíkur,
e.ú. **Guðný Aðalsteinsdóttir.**